

SVEITARFÉLAGIÐ BLÁSKÓGABYGGÐ

SKÁLHOLT

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 1. MGR. 40. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

MATSLÝSING VEGNA DEILISKIPULAGS

SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006

03.07.2013



1	Inngangur	2
2	Staðhættir og byggð, grunnástand umhverfis	3
2.1	Afmörkun svæðisins	3
2.2	Staðhættir og byggð, grunnástand umhverfis.....	3
2.2.1	Náttúruvá	4
2.2.2	Fornminjar	4
2.2.3	Verndun.....	5
3	Skipulagsleg staða	6
3.1	Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012	6
3.2	Deiliskipulag.....	6
4	Deiliskipulagsþættir	7
5	Umhverfismat	8
5.1	Framkvæmdarþættir sem talið er að geti valdið áhrifum	8
5.2	Umhverfisþættir	8
5.3	Umhverfisviðmið	8
5.4	Valkostir	9
5.5	Aðferðarfræði	10
6	Kynning og samráð.....	11
7	Skipulagsferli	12

1 Inngangur

Fyrirhugað er að gera deiliskipulag sem nær yfir alla Skálholtsjörðina. Heimasvæðið, svæðið kringum kirkjuna, skólann og bæinn hefur áður verið skipulagt og er gert ráð fyrir að nýja deiliskipulagið verði að einhverju leyti byggt á því skipulagi.

Markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð. Skipuleggja á byggingarsvæði fyrir starfsemi tengda Skálholtsskóla og Skálholtskirkju, áætlaða miðaldakirkju (tilgátubygging) og þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Huga þarf almennt að skipulagi byggðar, umhverfis, umferðar og gróðurs. Einnig þarf að skoða fráveitu- og aðveitumál. Gert er ráð fyrir að afmarka svæði sem henti fyrir skógrækt og einnig er gert er ráð fyrir að afmarka svæði vegna endurheimtar votlendis.

Deiliskipulagið fellur mögulega undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem það mun móta stefnu um tilkynningarskylda framkvæmd. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þarf að kanna matsskyldu framkvæmdar þar sem um er að ræða nýræktun skóga sem fellur mögulega undir lið 1d í viðauka 2.

Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

Skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina. Einnig upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skýrsla þessi tekur því á eftirfarandi atriðum:

- *Lýsing á skipulagsverkefni, deiliskipulagsgerð*
 - *Samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010*
- *Matslýsing vegna vinnu við deiliskipulagsgerð*
 - *Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

Landslag ehf. vinnur að gerð deiliskipulagsins fyrir Skálholtstað í samvinnu við sveitarfélagið Bláskógabyggð.

2 Staðhættir og byggð, grunnástand umhverfis

2.1 Afmörkun svæðisins

Deiliskipulagið nær yfir Skáholtsjörðina alla. Gul brotalína sýnir afmörkun skipulagssvæðisins.



2.2 Staðhættir og byggð, grunnástand umhverfis

Skálholt er einn af merkustu sögustöðum landsins. Stuttu eftir kristnitöku var reist kirkja í Skálholti og sat þar fyrsti biskup Íslands. Þar var miðstöð kirkjustjórnar, mikið fræðasetur og höfuðstaður Íslands í um 750 ár. Árið 1784 reið mikill jarðskjálfti yfir Suðurland sem felldi meðal annars öll hús í Skálholti nema kirkjuna. Í kjölfarið var biskupsstóllinn fluttur til Reykjavíkur og Skálholt formlega lagt niður sem biskupssetur. Árið 1802 var kirkja Brynjólfs rifin og ný mun minni kirkja byggð í staðinn. Skálholt var þá um tíma venjulegt bóndabýli með sóknarkirkju. Á seinni hluta 20. aldar hefst viðreisn staðarins að nýju. (www.instarch.is)

Í dag er Skálholtskirkja, Skálholtsskóli og búskapur á jörðinni. Samkvæmt aðalskipulagi er talað um smá þéttbýliskjarna. Innan skipulagssvæðisins eru einnig Skálholtsbúðir og 3 orlofshús.

Jörðin er rúmlega 1500 ha að stærð, þar af eru um 50 ha, ræktuð tún og akrar fyrir kúabúið. Trjám hefur verið plantað á u.þ.b. 100 ha svæði norðan við Skálholtsveg og fellur sú ræktun undir samning við Suðurlandsskóga. Sá samningur nær til 249 ha svæðis.

Landið er algróið mýrlendi sundurslitið af klapparásum sem halda norðaustur-suðvesturstefnu sem flest móbergsfjöll sunnanlands yfir eldvirku belti nærri flekamótum (www.skalholt.is).

Mikið af fornminjum er á svæðinu, sérstaklega á svæðinu við kirkjuna, og hefur verið unnið að uppgreftri í mörg sumur.

Í Skálholti er vatn úr Þorlákshver nýtt til upphitunar.

2.2.1 Náttúruvá

Í Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 kemur fram að samkvæmt skýrslu Almannavarna ríkisins frá 1978 liggur syðsti hluti Biskupstungnahrepps, sunnan Bræðratungu, á þriðja áhættusvæði, þar sem styrkur skjálfta getur orðið á bilinu 9-10 stig á Mercalli kvarða. Áhrif vegna stærri skjálfta geta því orðið töluverð, en það fer eftir því hvar upptök skjálftans verða á beltinu. Í annálum er getið um 37 jarðskjálfta á Suðurlandi sem hafa verið svo sterkir að hús hafi hrunið. Í aðeins tveimur tilvikum er getið um að hús hafi hrunið í Biskupstungunum, í jarðskjálftunum 1784 og 1896.

Tekið er fram í aðalskipulaginu að við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verði að gæta þess að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum. Einnig sé nauðsynlegt að hyggja vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, mishæðir eða stallar undir sökklum húsa.

2.2.2 Fornminjar

Skálholt er í ljósi sögunnar mikið minjasvæði.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru eftirfarandi fornleifar innan skipulagssvæðisins friðlýstar:

1. Þorláksbúð, forn tóft norðaustan til í kirkjugarðinum.
2. Staupasteinn, fyrir heiman traðirnar við vestur-bæinn, að norðvestanverðu.
3. Þorláksbrunnur í djúpum tröðum suðvestur frá bænum í hallanum sunnan undir Kyndluhól.

Áður var búið að friða eftirfarandi minjar með friðlýsingarskjali útg. 5. maí 1927:

4. Skólavarðan.
5. Eystri og vestari traðir, þ.e. heimreiðirnar til staðarins aðrar en svokallaðar Biskupstraðir.
6. Kyndluhóll.
7. Þorlákssæti.
8. Íragerði, túnblettur þar sem talið er að leiði sveina Jóns Gerrekssonar sé.
9. Garðlag gamalt syðst á túni, talið kunna að vera Jólavallargarður.

Samkvæmt 22. grein laga nr. 80/2012 um menningarminjar skal friðlýstum fornleifum fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

2.2.3 Verndun

Fyrir utan friðhelguðu svæðin kringum fornminjarnar er eftirfarandi verndarsvæði innan marka skipulagsins. Svæðið er á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar. Innan þess er Þorlákshver þaðan sem heitt vatn fæst fyrir skipulagssvæðið.

- Skálholtstunga og Mosar

(1) Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerlækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt.

(2) Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.

- Vatnsögn

Afar sjaldgæf vatnajurt sem vex aðeins við jarðhita og er flokkuð í Válista 1-plöntur, undir tegundir í bráðri hættu. Tegundin er friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda (www.ni.is). Plantan er ein af minnstu blómplöntum landsins og fannst við Þorlákshver 1961 en var þá þekkt við Laugarvatn og í Laugarási (<http://www.floraislands.is/crassaqu.html>).

3 Skipulagsleg staða

3.1 Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012

Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram: *Skálholt verði markvisst byggt upp sem menningarmiðstöð og sögustaður.* Á sveitarfélagsuppdrætti (1:50.000) er gerð grein fyrir landnotkun í Skálholti. Landnotkunin sem um ræðir er *verslun og þjónusta, íbúðir, stofnanir og opin svæði til sérstakra nota.*

Í aðalskipulaginu kemur einnig fram að í landi Skálholts er gert ráð fyrir 10 ha frístundabyggð og skógrækt á 220 ha svæði. Svæði fyrir frístundabyggð nær yfir núverandi byggingar Skálholtsbúða ásamt mögulegri sækkun svæðisins.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið verði í samræmi við gildandi aðalskipulag.

3.2 Deiliskipulag

Til er deiliskipulag fyrir heimasvæði Skálholts; svæðið kringum kirkjuna, skólann og bæinn frá árinu 1996.

Þá er til deiliskipulag fyrir Skálholtsbúðir og nánasta umhverfi frá árinu 2002.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag fyrir þessi svæði verði felld úr gildi með gildistöku deiliskipulags fyrir Skálholt en að nýtt deiliskipulag verði að einhverju leyti byggt á fyrra deiliskipulagi.

4 Deiliskipulagsþættir

Markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð.

Helstu þættir sem skipulagið tekur á eru:

- Skipulagning byggingarsvæðis og mannvirkja fyrir starfsemi tengda Skálholtsskóla og Skálholtskirkju.
- Gert er ráð fyrir að skilgreina svæði fyrir tilgátubyggingar, m.a. að staðsetja áætlaða miðaldakirkju (tilgátubygging) og þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Því tengt er að skipuleggja aðkomuleiðir og bílastæði.
- Gert er ráð fyrir að afmarka svæði sem henti fyrir skógrækt. Stærð svæðisins fer eftir því hversu mikið er búið að rækta af þeim 220 ha sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.
- Gert er ráð fyrir að afmarka svæði vegna endurheimtar votlendis.
- Skipuleggja þarf reiðleiðir, göngustíga/gönguleiðir innan svæðisins, sérstaklega í tengslum við fornminjar á svæðinu og mögulegan framtíðarskóg. Einnig verða skoðaðar mögulegar tengingar við næsta nágrenni svo sem Laugarás.
- Skoða þarf fráveitu- og aðveitumál.

5 Umhverfismat

Matið verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Gera þarf deiliskráningu fornminja fyrir svæðið en að öðru leyti er gert ráð fyrir að nýta þau gögn sem þegar eru til.

5.1 Framkvæmdarþættir sem talið er að geti valdið áhrifum

- Skógrækt.
- Miðaldakirkja (tilgátubygging) og þjónustusvæði fyrir ferðamenn.

5.2 Umhverfisþættir

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins verða eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Landslag, breytt landslag vegna miðaldarkirkju og þjónustusvæðis fyrir ferðamenn, ásamt aukinni skógrækt.
- Dýralíf getur breyst vegna aukinnar skógræktar.
- Gróður á svæðinu breytist með frekari skógrækt.
- Fornminjar, taka þarf tillit til minja á svæðinu.
- Samgöngur, aukin umferð með auknum ferðamannastraumi.

Val á umhverfisþáttum byggist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna skipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægisaðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

5.3 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagið hefur í för með sér.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins verða eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- *Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000-2012.*
 - *Sérstaklega m.t.t. markmiða aðalskipulagsins og markmiða fyrir veitur*
- *AFFORNORD Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development, TemaNord 2008.*
 - *Áhrif nýræktunar skóga*
- *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*
 - *Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.*
- *Lög um menningarminjar nr. 80/2012.*

- Sérstaklega m.t.t. kafla 4
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999, 37. gr.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa.
 - 764. Skálholtstunga og Mosar, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna og grein nr. 5.3.
- Válisti 1 – Plöntur, Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík 1996.
- Velferð til framtíðar (sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020).

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþáttar.
- (0) Óveruleg eða engin áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.
 - Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþáttar.
- (Ó) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt
 - Áhrif deiliskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt eru óþekkt

5.4 Valkostir

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif skógræktar við líklega þróun umhverfis án frekari skógræktar, *núll kost*. *Núll kostur* felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins.

Einnig er gert ráð fyrir að bera saman áhrif nýrrar Miðaldakirkju (tilgátubygging) ásamt þjónustusvæði fyrir ferðamenn við *núll kost*.

5.5 Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir um grunnástand umhverfisins auk deiliskráningar fornminja.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við tillögu að deiliskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint deiliskipulagstillögunni eða umhverfismati þess.

Helstu umsagnar- og samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulagið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
 - *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- *Umhverfisstofnun*
 - *Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.*
- *Minjastofnun Íslands*
 - *Vegna fornminja á framkvæmdasvæðinu*
- *Grímsnes- og Grafningshreppur*
 - *Aðliggjandi sveitarfélag*
- *Vegagerðin*
 - *Vegna mögulegrar aukinnar umferðar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Bláskógabyggð: <http://www.blaskogabyggd.is/>.

Á kynningartíma skipulags- og matslýsingarinnar verður gefinn kostur á að koma með ábendingar en þeim verður ekki svarað formlega.

Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á íbúafundi.

7 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi vegna vinnu við deiliskipulag:

<i>Júlí 2013</i>	Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd.
<i>Ágúst 2013</i>	Sveitarstjórn Bláskógarbyggðar tekur til staðfestingar afgreiðslu nefndarinnar. Skipulags- og matslýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila. Skipulags- og matslýsing kynnt almenningi. Athugasemdafrestur vegna skipulags- og matslýsingar.
<i>Ágúst – okt. 2013</i>	Unnið að tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu.
<i>Lok okt. 2013</i>	Tillaga að deiliskipulagi og umhverfisskýrsla kynnt af skipulagsnefnd fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á íbúafundi.
<i>Nóv. 2013</i>	Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi sveitarstjórnar, þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Nóv.–des. 2013</i>	Sveitarstjórn auglýsir tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu í Lögbirtingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvísu. Auglýsingatíminn er að lágmarki 6 vikur og munu skipulagsgögn liggja frammi hjá sveitarfélaginu ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu verður send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum og gefur þeim kost á að koma með athugasemdir.
<i>Janúar 2014</i>	Tillaga að deiliskipulagi ásamt mögulegum athugasemdum og umsögnum sem borist hafa tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu. Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu samþykkt af sveitarstjórn. Þeim sem gerðu athugasemdir eru send umsögn sveitarstjórnar um athugasemdir.
<i>Janúar 2014</i>	Ef athugasemdir berast er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.
<i>Febrúar 2014</i>	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun innan átta vikna frá því að frestur til að skila inn athugasemdum rennur út. Skipulagsstofnun hefur allt að þrjár vikur til að koma með athugasemdir.

Mars 2014

Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda innan árs frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögnum.